

Selfossi 12.05.2024

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Árborgar

Skipulagsfulltrúi Rúnar Guðmundsson

Athugasemdir og tilmæli vegna Auglýsingar Deiliskipulags fyrir Svæði Hestamannfélagsins Sleipnis Íþróttfélags á Selfossi.

Skipulagsnefnd Hestamannfélagsins Sleipnis Íþróttfélags vill benda á eftirfarandi;

Kafli 2.4. um Samgöngur.; Samkvæmt deiliskipulaginu er Kerrustæði staðsett inni í miðju hverfinu við Suðurtröð, við undirrituð teljum að það geti verið óheppilegt vegna þess að umferð reiðmanna er mikil á þessu svæði og geti því aukin umferð bíla með stórar kerrur verið óheppileg. Við leggjum því til að kerrustæði verði fundinn annar staður, eins og t.d. syðst og vestast á því svæði sem til umræða er.

Kafli 2.6. Heyrúllusvæði. Við teljum að mikilvægt sé að setja í skilmála fyrir heyrúllusvæði, sé að það verði girt með hárri timburgirðingu þannig að lausir endar á heyrúllum valdi síður hættu fyrir hross og menn.

Kafli 3.11. Veitur og lagnir. Þar er eingöngu um að ræða prentvillu á götuheitum Norður(**braut**) og Suður(**braut**) á auðvitað að vera Norður- og Suðurtröð.

Virðingarfyllst

Skipulagsnefnd Hestamannfélagsins Sleipnis Íþróttfélags

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Haraldur Þórarinnsson

Magnús St. Magnússon